

hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflytningmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 18. desembermánaðar.

Nr. 25/1899:

Hið opinbera  
gegn

Tönnnes Andreas Asbjörnсен.

D ó m u r:

Eftir skipun amtmannsins í Vesturamtinu var mál þetta höfðað gegn kærða Tönnnes Andreas Asbjörnсен, skipstjóra á gufuskipinu »Muggur«, fyrir brot gegn ákvæðum í samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á svæðinu frá Geirhólma að Öskubak innan Ísafjarðarsýslu, staðfestri 11. okt. 1887. Málinu var ráðið til lykta með lögregluréttardómi Barðastrandar-sýslu, uppkveðnum 14. nóv. f. á., og var kærði með dóminum sýknaður af kæru hins opinbera og málskostnaður allur lagður á almannafé. Dómi þessum hefir amtmaðurinn yfir Vesturamtinu skotið til yfirdómsins.

Með játningu hins kærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að hann, sem er skipstjóri á fiskigufuskipinu »Muggur«, sem gjört er út frá Bildudal í Barðastrandarsýslu og er eign kaupmanns þar, P. J. Thorsteinssonar & Co., hafi vorið 1898 farið nokkrar fiskiferðir með téð skip norður á Ísafjarðardjúp og fiskað þar á þann hátt, að hann setti út frá skipinu nokkra opna báta (»doryur«) með lóðir; voru lóðirnar lagðar frá bátunum og dregnar inn í þá aftur, en síðan voru þeir, ásamt með lóðunum innbyrtir í gufuskipið »Muggur«. Þannig var fiskað frá gufuskipinu utarlega á Ísafjarðardjúpi, fyrst dagana 28. apríl til 1. maí, og aftur 2. til 4. maí f. á. og loks tvívegis enn fyrri hluta maímánaðar f. á. Í fyrsta skiftið voru lóðirnar beittar með síld eingöngu, en í síðari skiftin með síld og kúfisk (skelfisk). Aldrei lagðist skipið fyrir akkeri, meðan það var að veiðunum. Um staðinn, þar sem veiðarnar fóru fram, er ekki annað sannað, en það sem ákærði hefir kannast við, að það hafi verið grynst utan línu, er dregin væri frá innanverðum Rit í Öskubak, og hafi ávalt verið lengra til lands en 3 fjórðungar mílu.

Fiskiveidasamþykkt sú, sem hér er um að ræða, nær að eins, eins og aðrar samkynja samþyktir, til fiskiveiða á opnum skipum, og hún er, eins og aðrar slíkar samþyktir, að eins »skuldbindandi fyrir þá, er í því héraði stunda fiskiveiðar á opnum skipum«, sbr. lög nr. 28 14. des. 1877, 5. gr. Í samþyktinni 11. okt. 1887 eru engin ákveðin

takmörk sett fyrir gildi hennar á sjó, en þar er að eins ákveðið svæði það eða hérað á landi, er hún gildi fyrir, og er þetta í samræmi við nefnd heimildarlög 14. des. 1877, sem eigi ætlast til þess, eins og tilgreind orð þeirra sýna, að samþykktirnar ná til annara en héraðsmanna sjálfra og þeirra annara, er útræði stunda frá einhverjum stað í héraðinu. Með því nú að fiskiveiðar kærða eigi verða taldar fiskiveiðar á opnum skipum, þó að hann hafi notað báta meðfram við veiðarnar, og með því að hann stundaði ekki fiskiveiðarnar frá héraði því, er samþykktin náði yfir, heldur frá öðrum stað utan þess (Bildudal), þá hefir hann eigi gjörst brotlegur gegn reglum þeim, er í téðri fiskiveiðasamþykkt voru settar. Ber því að fallast á það, að kærði var sýkn dæmdur í máli þessu af lögregluréttinum, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors, ber að greiða af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutnings-

mannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannatfé.

Nr. 42/1899:

Réttvísingegn  
Guðna Guðnasyni.

#### D ó m u r :

Með dómi aukaréttar Árnassýslu, uppkveðnum 23. júní þ. á., var hinn ákærði, tómthúsmaður Guðni Guðnason á Hamri í Gaulverjabæjarhreppi, dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. og 231. gr. 4. tölul. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og til að greiða allan kostnað málsins. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Það er með eigin játingu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann hafi aðfaranótt hins 14. desbr. f. á. stolið nálægt því vætt eða 84 pd. af harðýsu úr læstri skemmu og úr saltgeymsluhúsi á Vestri-Loftsstöðum, og síðan hagnýtt sér hið stolna, og eru hin nánari atvik að þjófnaðinum þessi. Nokkrum dögum áður en hann framdi þjófnaðinn, tók hann eftir því, að það mundi vera auðvelt að stela af ýsunn, og ásetti hann sér þá að gjöra það. Hann smíaði sér lykil að skemmuskran, en lásinn að saltgeymsluhúsinu, sem var ónýtur, vissi hann að hægt